

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsögötu 7  
150 Reykjavík  
[srn@srn.is](mailto:srn@srn.is)

Akureyri, 25. janúar 2021

**Efni: Umsögn um grænbók um byggðamál, mál nr. S-274/2020**

Með tilvísan í Grænbók um byggðamál, sem lögð var fram til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda 29. desember 2020, óskar Skógræktin eftir því að koma eftirfarandi á framfæri:

Íslensk stjórnvöld hafa markað sér stefnu um sjálfbæra þróun. Þar er gert ráð fyrir því að allar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, þ.e. hagrænar, félags- og umhverfislegar, liggi til grundvallar hverskonar stefnumótun í samfélaginu. Það er því brýnt að hafa heildræna sýn á viðfangsefnið sem um ræðir og aukna þverfaglega nálgun í stefnumótun sveitarfélaganna.

Skógrækt mun á næstu árum og áratugum verða veigamikill þáttur í atvinnustarfsemi og bættum efnahag víða um land, sérstaklega þar sem hlúð verður að staðbundnum úrvinnsluiðnaði og markaðssetningu viðarafurða. Með hliðsjón af öðrum stefnum og áætlunum ríkis og sveitarfélaga er einnig ljóst að skógrækt mun leika lykilhlutverk í tengslum við markmið um kolefnisbindingu ríkis og sveitarfélaga.

Í 4. kafla Grænbókar um byggðamál er fjallað um samhæfingu áætlana. Skógræktin vill af því tilefni minna á *Landsáætlun í skógrækt* sem nú er í mótun. Er gert ráð fyrir að hún verði tilbúin til kynningar á vormánuðum 2021, ásamt umhverfismati áætlunarinnar.

Skógræktin skal síðan í kjölfarið og í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, skógarbændur og aðra hagsmunaaðila vinna *landshlutaáætlanir í skógrækt*, þar sem stefnan sem fram kemur í landsáætluninni er útfærð nánar. Það er því mikilvægt að hafa *lands- og landshlutaáætlun í skógrækt* einnig í huga þegar samhæfa á byggðaáætlun við aðrar áætlanir svo ávinningurinn verði sem mestur.

Virðingarfyllt,  
f.h. Skógræktarinnar,



Hrefna Jóhannesdóttir, skipulagsfulltrúi  
[hrefna@skogur.is](mailto:hrefna@skogur.is)  
Gamla Gróðrarstöðin,  
Krókeyri 600, Akureyri  
gsm. 626-1016